

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlanir:

Deiliskipulag Þinghúshöfða.

Þann 27. mars 2025 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Þinghúshöfða vegna Skólastígs 6.

Breytingin felst í stækkun byggingarreits fyrir núverandi geymsluskúr sem verður 3,23 x 7,04 m (22,7 m²). Fyrir stækkun var skúrin 13,0 m². Notkun er breytt úr geymsluskúr í notarými, gestahús, geymslu og þvottahús. Nýtingarhlutfall fer úr 0,38 í 0,40.

Deiliskipulag við Reitarveg.

Þann 27. febrúar 2025 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms óverulega breytingu á deiliskipulagi Reitarvegar vegna Reitarvegar 2.

Breytingin felst í 4,15 x 8,44 m stækkun á byggingarreit til norðurs vegna fyrirhugaðrar stækkunar húss um samtals 35 m². Einnig er sótt um byggingarreit þar sem áður stóð bygging. Byggingarreitir er 6,5 x 5,4 m eða samtals 35 m². Nýtingarhlutfall eftir breytingu er 0,19.

Deiliskipulag Nýræktar, fristundabúskapur og skógrækt.

Þann 27. mars 2025 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Nýræktar.

Gerð er breyting á byggingarreit og hann færður vestur fyrir bílastæðin. Bílastæði færast þar af leiðandi til, til samræmis. Byggingarreitir stækkar úr 112 m² (7 x 16 m) í 156 m² (6,5 x 24 m). Enn fremur eru lóðarmörk og stærð skógræktarlóðar lagfærð í samræmi við núverandi aðstæður. Lóð sem skráð er nr. 16 í gildandi skipulagi verður nr. 20 samkvæmt núverandi aðstæðum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 7. apríl 2025.

Þuríður Ragna Stefánsdóttir, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 25. apríl 2025